

Alþingi, iðnaðarnefnd
Kristín Einarsdóttir
Austurstræti 8
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 17. maí 2010 02-2010050077
T-ums 43/10

Umsögn ríkisskattstjóra um frumvarp til laga um ívilnanir vegna nýfjárfestinga á Íslandi - 574. mál.

Ríkisskattstjóri hefur þann 3. maí 2010 móttengið tölvupóst þar sem embættinu er gefinn kostur á að veita umsögn um frumvarp til laga um ívilnanir vegna nýfjárfestinga á Íslandi - 574. mál.

Í athugasemdum með frumvarpinu kemur fram að því sé ætlað að kveða á um heildstæða lagasetningu sem mynda á ramma utan um hvaða ívilnanir stjórnvöldum og eftir atvikum sveitarfélögum, er heimilt að veita vegna nýfjárfestinga á Íslandi. Markmið þess er að örva og efla fjárfestingu í atvinnurekstri á Íslandi tilgreina með gegnsæjum hætti hvaða heimildir stjórnvöld og sveitarfélög hafa til að veita skilgreindar ívilnanir til fjárfestingarverkefna. Horfið verði þannig frá því fyrirkomulagi að gera sértæka fjárfestingarsamninga vegna einstakra verkefna á grundvelli sérstakra heimildarlaga frá Alþingi.

Í 5. gr. frumvarpsins er að finna tíu skilyrði fyrir veitingu ívilnana og má þar nefna að a.m.k. 20% af fjárfestingarkostnaði verkefnisins verður að vera fjármagnaður af eigin fé þess sem sækir um ívilnun, árleg velta verkefnis verður að vera a.m.k. 300 m. kr. eða fjárfesting skapi a.m.k. 20 ársverk á fyrstu tveimur árum verkefnisins. Þá er gerð krafa um að viðkomandi fjárfesting verði að lágmarki til fimm ára í landinu. Í 9. gr. eru taldar upp þær ívilnanir sem heimilt er að veita tengdar sköttum. Kemur þar m.a. fram að heimilt sé að kveða á um að tekjuskattshlutfall skuli í 10 ár frá því að skattskyldar tekjur myndast ekki vera hærri en það hlutfall sem í gildi er þegar samningur er gerður. Þá er að finna heimild til að víkja frá ákvæðum laga um fyrningar, tryggingagjald, stimpilgjald o.fl. Í 21. gr. frumvarpsins kemur fram að gera skuli samning um ívilnanir og kemur fram að þær geti að hámarki verið veittar til tíu ára. Samning um veitingu ívilnana skal svo birta í B-deild Stjórnartíðinda.

Af þessu tilefni gerir ríkisskattstjóri eftirfarandi athugasemdir:

Í 77. gr. stjórnarskrárinnar kemur fram að skattamálum skuli skipað með lögum og að ekki megi fela stjórnvöldum ákvörðun um hvort leggja skuli á skatt, breyta honum eða afnema hann. Í athugasemdum með 9. gr. frumvarpsins kemur fram að frumvarphöfundar hafi talið nauðsynlegt að telja upp með tæmandi hætti öll frávik sem heimilast myndu frá skattalögum og þannig sé unnt að uppfylla lagaskilyrði 77. gr. stjórnarskrárinnar. Með vísan til þess að gert sé ráð fyrir að öll útfærsla á skattívilnunum samkvæmt lögnum verði í samningi milli stjórnvalda og aðila sbr. 5. mgr. 9. gr. frumvarpsins þá er það mikið álitamál að það


fyrirkomulag sem frumvarpið mælir fyrir um, þ.e. undirritun samnings af hálfu iðnaðarráðherra og birting hans í B-deild Stjórnartíðinda, s.s. gildir um reglugerðir, fullnægi framanrituðu skilyrði stjórnarskrárinnar. Það er skoðun ríkisskattstjóra að vafi hvað þetta varðar sé ákaflega óheppilegur. Að mati ríkisskattstjóri yrði að veita hverjum þeim samningi sem gerður er um ívilnanir lagagildi svo að skattyfirvöldum væri unnt að taka tillit til þeirra ívilnana sem hann kveður á um að veittar verði frá ákvæðum skattalaga. Meginskilgreining tekjuskattshugtaksins hefur m.a. verið að um væri að ræða einhliða ákvörðun ríkisvaldsins, þ.e. að álagning skatta væri ekki umsemjanleg. Með vísan til þess þykir verða að kveða með skýrum og afdráttarlausum hætti á um þann ramma sem skattlagningunni og frávikum frá henni eru settar. Þá þykir skorta á að gert sé ráð fyrir því með jákvæðum hætti að lög nr. 90/2003, um tekjuskatt, hafi að geyma ákvæði þar sem heimilað sé að víkja frá ótvíræðum ákvæðum tekjuskattslaga með samningnum.


Samkvæmt 5. mgr. 9. gr. frumvarpsins er, eins og fram hefur komið, gert ráð fyrir að í samningi milli stjórnvalda og aðila skuli nánar kveðið á um fyrirkomulag ívilnana sem tengdar eru sköttum og opinberum gjöldum. Ríkisskattstjóri telur eðlilegt að skattyfirvöld eigi aðkomu að útfærslu skattalegra atriða í þeim samningum sem gerðir verða. Þá þarf að koma skýrt fram hvort öll önnur ákvæði skattalaga en þau sem beinlínis er vikið frá eigi við um skattskil þess aðila sem fær ívilnunina þannig að ekki komi til ágreinings síðar svo sem vegna samsköttunar eða samruna.

Ríkisskattstjóri bendir ennfremur á að eðlilegra væri að hafa samræmi á milli 5 ára skilyrðisins í h-lið 5. gr. frumvarpsins og tíu ára hámarksins í 9. gr. Það er að segja að fram komi í frumvarpinu að skattalegar ívilnanir verði ekki veittar nema að fjárfestingin sé enn í landinu.

Að síðustu bendir ríkisskattstjóri á þá skoðun embættisins að fjárfestingarsamningar þeir sem tíðkast hafa á Íslandi og það frumvarp sem nú liggur fyrir Alþingi geta skekkt samkeppnistöðu fyrirtækja sem starfa á sama markaði og þeim sem hin nýja fjárfesting á að starfa á.

Virðingarfyllst
f. h. ríkisskattstjóra


Ingvar J. Rögnvaldsson


Guðrún J. Jónsdóttir